

**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2016/317****2017/EES/10/23****frá 3. mars 2016****um breytingu á tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB að því er varðar opinberan merkimiða á fræpakkingum (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja<sup>(1)</sup>, einkum 21. gr. a,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns<sup>(2)</sup>, einkum 21. gr. a,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/54/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu sykurrófufræs<sup>(3)</sup>, einkum 27. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs<sup>(4)</sup>, einkum 45. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/56/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu útsæðiskartaflna<sup>(5)</sup>, einkum 24. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs<sup>(6)</sup>, einkum 24. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipunum 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB er mælt fyrir um reglur að því er varðar opinbera merkimiða á fræpakkingum.
- 2) Á undanförunum árum hafa komið upp nokkur tilvik sem varða sviksamlega notkun opinberra merkimiða. Af þeim sökum ætti að auka öryggi opinberra merkimiða í samræmi við þá tækniþekkingu sem er fyrir hendi til að tryggja að komið sé í veg fyrir slíkt sviksamlegt athæfi. Með hliðsjón af þessu og til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að bæta skráningu og eftirlit með prentun, dreifingu og notkun rekstraraðila á einstökum opinberum merkimiðum og til að rekja framleiðslueiningar fræs ætti að auka öryggi opinberra merkimiða með því að setja raðnúmer, sem er úthlutað opinberlega, á opinbera merkimiða fyrir stofnfræ, vottað fræ, sölufræ og fræblöndur og einnig á merkimiðann og skjalið þegar um er að ræða fræ sem hefur ekki verið vottað og er uppskorið í öðru aðildarríki.
- 3) Því ætti að breyta tilskipunum 66/401/EBE, 66/402/EBE, 2002/54/EB, 2002/55/EB, 2002/56/EB og 2002/57/EB til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 60, 5.3.2016, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 225/2016 frá 2. desember 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB 125, 11.7.1966, bls. 2309/66.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 12.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 60.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74.

## SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.***Breytingar á tilskipun 66/401/EBE**

Tilskipun 66/401/EBE er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:
  - a) Í a-lið I. hluta A-hluta bætist eftirfarandi liður 2a við:  
„2a. Raðnúmer sem er úthlutað opinberlega.“
  - b) Í b-lið I. hluta A-hluta bætist eftirfarandi liður 3a við:  
„3a. Raðnúmer sem er úthlutað opinberlega.“
  - c) Í c-lið I. hluta A-hluta bætist eftirfarandi liður 2a við:  
„2a. Raðnúmer sem er úthlutað opinberlega.“
- 2) Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:
  - a) Í A-hluta bætist eftirfarandi undirliður við á eftir fyrsta undirlið:  
„—raðnúmer sem er úthlutað opinberlega,“
  - b) Í C-hluta bætist eftirfarandi undirliður við á eftir fyrsta undirlið:  
„—raðnúmer sem er úthlutað opinberlega,“.

*2. gr.***Breytingar á tilskipun 66/402/EBE**

Tilskipun 66/402/EBE er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:
  - a) Í a-lið A-hluta er eftirfarandi lið 2a bætt við:  
„2a. Raðnúmer sem er úthlutað opinberlega.“
  - b) Í b-lið A-hluta er eftirfarandi lið 2a bætt við:  
„2a. Raðnúmer sem er úthlutað opinberlega.“
- 2) Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:
  - a) Í A-hluta bætist eftirfarandi undirliður við á eftir fyrsta undirlið:  
„—raðnúmer sem er úthlutað opinberlega,“
  - b) Í C-hluta bætist eftirfarandi undirliður við á eftir fyrsta undirlið:  
„—raðnúmer sem er úthlutað opinberlega,“.

*3. gr.***Breytingar á tilskipun 2002/54/EB**

Tilskipun 2002/54/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:  
Í I. hluta A-hluta bætist eftirfarandi liður 2a við:  
„2a. Raðnúmer sem er úthlutað opinberlega.“

- 2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:
  - a) Í A-hluta bætist eftirfarandi undirliður við á eftir fyrsta undirlið:  
„— raðnúmer sem er úthlutað opinberlega.“
  - b) Í C-hluta bætist eftirfarandi undirliður við á eftir fyrsta undirlið:  
„— raðnúmer sem er úthlutað opinberlega.“

*4. gr.*

**Breytingar á tilskipun 2002/55/EB**

Tilskipun 2002/55/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:
  - Í I. hluta A-hluta bætist eftirfarandi liður 2a við:  
„2a. Raðnúmer sem er úthlutað opinberlega.“
- 2) Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:
  - a) Í A-hluta bætist eftirfarandi undirliður við á eftir fyrsta undirlið:  
„— raðnúmer sem er úthlutað opinberlega.“
  - b) Í C-hluta bætist eftirfarandi undirliður við á eftir fyrsta undirlið:  
„— raðnúmer sem er úthlutað opinberlega.“

*5. gr.*

**Breyting á tilskipun 2002/56/EB**

Í A-hluta III. viðauka við tilskipun 2002/56/EB bætist eftirfarandi liður 2a við:  
„2a. Raðnúmer sem er úthlutað opinberlega.“

*6. gr.*

**Breytingar á tilskipun 2002/57/EB**

Tilskipun 2002/57/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:
  - a) Í a-lið A-hluta er eftirfarandi lið 2a bætt við:  
„2a. Raðnúmer sem er úthlutað opinberlega.“
  - b) Í b-lið A-hluta er eftirfarandi lið 3a bætt við:  
„3a. Raðnúmer sem er úthlutað opinberlega.“
- 2) Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:
  - a) Í A-hluta bætist eftirfarandi undirliður við á eftir fyrsta undirlið:  
„— raðnúmer sem er úthlutað opinberlega.“
  - b) Í C-hluta bætist eftirfarandi undirliður við á eftir fyrsta undirlið:  
„— raðnúmer sem er úthlutað opinberlega.“

7. gr.

#### Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykka og birta nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 2017. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. apríl 2017.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

8. gr.

#### Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

9. gr.

#### Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. mars 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---